



Fundur skóla- og foreldraráðs haldinn í skólanum 23. maí 2019 kl. 9:30-10:30.

Mættar voru: Jónína skólastjóri, Heike fulltrúi grunnskólakennara, Gitta fulltrúi leikskólakennara, Elín fulltrúi annars starfsfólks, Freydís Inga Bóasdóttir fulltrúi foreldra grunnskólabarna, Sigríður Árnadóttir fulltrúi foreldra leikskólabarna og grenndarsamfélags.

1. Skóladagatal 2019-2020 lagt fram til samþykkis.
2. Skoðun Heilbrigðiseftirlits á vorönn 2019. Skólinn fékk mjög góða skoðun og aðeins var eitthvað smálegt sem kippa þurfti í liðinn. Það var gengið frá því strax. Heilbrigðisfulltrúinn kom aftur á dögnum og tók út leiksvæði, félagsheimili og sundlaug. Skýrslan er nýkomin í hús.
3. Foreldrakönnun. Helstu niðurstöður ræddar. Niðurstöður hennar sem og starfsmannakönnunar koma svo samandregnar fram í sjálfsmatskýrslu skólans sem fer fyrir fræðsluráð í júní. Á heildina litið eru foreldrar ánægðir með starf skólans.
4. Starfsmannakönnun. Farið yfir niðurstöður. Þegar niðurstöður eru dregnar saman má sjá að starfsfólki líður almennt vel í starfi í Árskógarskóla og er ánægt með starfsaðstæður.
5. Könnun á líðan nemenda og tengsl þeirra á milli. Rætt um það hvernig unnið var með niðurstöðurnar í framhaldinu.
6. Umræða um líðandi vetur, s.s. starfsmannahaldi, fjármálum, aðbúnaður og innra starf. Veturinn hefur gengið vel og almenn ánægja með skólastarfið í skólasamfélaginu eins og sjá má bæði í foreldra- og starfsmannakönnun.
7. Rætt um næsta vetur sem verður sá áttundi (8) frá því að skólahald breyttist í Árskógi 2012. Næsta vetur verður fjölgun nemenda á grunnskólastigi miðað við stöðuna í dag en það bendir til einhverrar fækkunar á leikskólastigi. Það verða aðeins breytingar á starfsmannahaldi næsta vetur. Heike, annar tveggja umsjónarkennara, hefur sagt upp störfum en búið er að ráða í stöðu hennar. Elín Lárusdóttir skólaliði varð sjötug í lok mars og mætir því ekki til starfa að loknu sumarfríi. Hennar staða var auglýst fyrirpart maímánaðar og verður ráðið í hennar stöðu að loknum umsóknarfresti, 23. maí. Staða skólastjóra var auglýst á dögnum og rennur umsóknarfrestur út 29. maí.

Fleira var ekki rætt, fundi slitið kl. 10:35

Fundarritari: Jónína Garðarsdóttir